

## Vorskóli fyrir foreldra og nemendur í verðandi 1.b

Stefnt er að vorskóla fyrir verðandi nýnema í 1. bekk og forráðamenn þeirra dagana 14. og 15. maí nk. Forráðamenn skráðra nemenda munu fá tölvupóst varðandi það mál áður en langt um líður.

## Bífhjól á skólalóðinni?

Með vorinu fer á ný að bera á umferð vespa / léttra bífhjóra á lóð skólans utan skólatíma. Rétt er að brýna fyrir nemendum að umferð þessara tækja er af öryggisástæðum að sjálfsögðu bönnuð á skólalóðinni jafnt á skólatíma sem utan hans!

## Kæra skólasamfélag

Þá er nú farið að stytast verulega í skólaárinu og aðeins rúmar fimm vikur eftir þar til sumarfrí hefst hjá nemendum. Við leggjum áherslu á að halda sem mest dampi við hefðbundið skólastarf út mánuðinn en í lok maí og byrjun júní brjótum við svo upp skólastarfið að venju með ferðalögum og öðrum verkefnum í góða veðrinu sem við eigum von á þá! Við gefum út annað fréttabréf um miðjan mánuðinn þar sem við gerum grein fyrir skipulagi síðustu daganna í vor.

Undirbúningur fyrir næsta vetur er annars kominn á fullt skrið, við erum að ráða kennara til starfa og vinna að skipulagsmálum m.a. til að mæta frekari fjölgun nemenda en við eigum von á að þeir geti orðið á bilinu 950-980 næsta vetur. Til stendur að bæta við tveimur kennslustofum í Vallakór til að mæta fjölgun nemenda á unglingastigi en í Baugakór er áformað að flytja bókasafn skólans og efla starfsemi þess. Á aðalfundi Foreldrafélagsins á fimmtudag gefst tækifæri til að kynna sér nánar þau áform. Þær breytingar verða á íþrótt og sundkennslu að næsta vetur verður nemendum í 3.-4. bekk í Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla kennt sund í lauginni í Boðabingi og þannig rýmkast aðeins um í Salalauginni. Jafnframt verður nýtt íþróttahús við Vatnsendaskóla tekið í notkun og þau hætta að nota íþróttahúsið í Kórnum en þar hafa nemendur þaðan verið tvo daga í viku undanfarin ár. Í staðinn er fyrirhugað að unglingastig Lindaskóla komi einn dag í viku en það rýmkast samt sem áður töluvert um fyrir okkur í íþróttahúsinu. Það er því í ýmis horn að líta en allt lítur þetta nú prýðilega út hjá okkur og framtíðin er björt.

Með von um góðan endasprett á þessu tólfta starfsári Hörðuvallaskóla!

Ágúst Jakobsson skólastjóri

## Enn einn Íslandsmeistaratitilinn í skák!

Skáksveit Hörðuvallaskóla vann öruggan sigur á Íslandsmóti grunnskólasveita sem fram fór fyrir skömmu í húsnæði Tafffélags Reykjavíkur. Sveitin hlaut 26½ vinning í 28 skákum og þetta er þriðji Íslandsmeistaratitill Hörðuvallaskóla á jafn mörgum árum. Skák-sveit Íslandsmeistarara Hörðuvallaskóla skipuðu þeir Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Sverrir Hákonarson, Benedikt Briem og Óskar Hákonarson. Arnar Milutin fór einnig með sigur af hólmi í flokki 8.-10. bekkjar og Sverrir varð í þriðja sæti. Þá stóðu yngri nemendur skólans sig einnig afar vel en þar má nefna að Guðrún Fanney Briem og Benedikt Briem unnu örugglega í sínum aldursflokkum.



## Uppstokkun í bekkjum fyrir næsta skólaár

Í tengslum við endurskoðun á stefnu skólans sl. vetur gerðum við könnun meðal foreldra um viðhorf til þeirra hugmynda að stokka reglulega upp í bekkjum meðan á grunnskólagöngu nemenda stendur. Kom þar í ljós að flestir þeir sem þátt tóku töldu það æskilegan kost. Rökin fyrir þessu eru m.a. þau að þannig eflist tengsl nemenda í árganginum, nemendur kynnist fleirum og eigi aukna möguleika á félagatengslum, tækifæri gefist til að vinna með ýmis mynstur í nemendahópnum o.fl. Við erum nú að byrja að fíkra okkur yfir í þá þumalputtareglu að í framtíðinni verði að jafnaði stokkað upp í bekkjum milli 2. og 3. bekkjar, milli 5. og 6. bekkjar og milli 7. og 8. bekkjar. Við tökum hins vegar dálítinn aðlögunartíma að þessu. Fyrir næsta skólaár er þannig fyrirhugað að stokkað verði upp í núverandi 2. bekk, 4. bekk og 7. bekk. Jafnframt verður bekkjardeildum í núverandi 2. bekk fækkað úr sex í fimm. Við leggjum mikið upp úr því að hafa fámenna bekki í 1.-2. bekk en úthlutun kennslustunda tekur nokkrum breytingum milli 2. og 3. bekkjar og því óraunhæft að hafa eins fámenna hópa þegar komið er upp í þriðja bekk.

Áformað er að á næstu árum fari uppstokkanir fram sem hér segir (bekkir í upphafi skólaárs):

2019-2020: 3.bekkur (árg 2011) 7.bekkur (árg 2007) 8.bekkur (árg 2006)

2020-2021: 3. bekkur (árg 2012) 6. bekkur (árg 2009)

2021-2022: 3. bekkur (árg 2013) 6. bekkur (árg 2010) 8. bekkur (árg 2008)



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<b>30.</b> Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteil-sósu / tómatsósu. Salatbar og ávextir.	<b>1. maí</b> <b>Verkalyásdagurinn</b> <b>Frí</b>	<b>2.</b> Nautahakk, linsur og heilheitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	<b>3.</b> Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. <b>Aðalfundur Foreldrafélagsins kl. 20:00</b>	<b>4.</b> Mexikóska súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir.	<b>5.</b>
<b>6.</b>	<b>7.</b> Öfnbökuð bleikja í teriyaki m/ kínóa og sweet chili sósu. Salatbar og ávextir.	<b>8.</b> Soðnar kjötfarsbollur í hvítkáli m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>9.</b> Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínu, lifrarpylsu og bláðmör. Ávextir.	<b>10.</b> <b>Uppstigningardagur</b> <b>Frí</b>	<b>11.</b> Lambasnitset (lærakjöt raspað m/ kaldri bernaisésósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>12.</b>

### Aðalfundur Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Aðalfundur Foreldrafélags Hörðuvallaskóla verður haldinn fimmtudaginn 3. maí kl. 20:00 í sal skólans.

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagabreytingar
5. Reikningar lagðir fram til samþykktar
6. Kosning stjórnar
7. Kosning skoðunarmanns reikninga
8. Kosning á einum fulltrúa og varafulltrúa í skólaráð til tveggja ára
9. Ákvörðun félagsgjalda fyrir komandi skólaár
10. Önnur mál, m.a. kynning á fyrirhuguðum breytingum hvað varðar húsnæðismál bókasafns skólans.

Allir foreldrar barna í Hörðuvallaskóla eiga rétt á setu á aðalfundi og því er skorað á foreldra að mæta.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

### Að flækjast í vefnum - fræðslufyrirlestur

Þann 15. maí kl. 20:00 verður fræðslufyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk um netfíkn í salnum í Baugakór. Það er Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur sem sér um fyrirlesturinn en hann hefur farið með sambærileg erindi í marga skóla upp á síðkastið. Um er að ræða fyrirlestur um hættur netsins með sérstaka áherslu á svokallaða "netfíkn" en rannsóknir benda til að sirka 12% reglulegra netnotenda eigi á hættu að ánetjast notkun sinni. Börn og unglingar eru sérstaklega útsett fyrir þessum vanda og því mikilvægt að foreldrar skilji vandann og viti hvað best sé að gera í málinu. Nokkuð ljóst er að netið sé komið til að vera og því þýðir lítið að loka augnum fyrir því að þar geta leynst hættur eins og annarsstaðar. Við sendum börnin okkar ekki út í umferðina án þess að hafa kennt þeim umferðarreglurnar en við opnum oft heim netsins fyrir þeim án þess að skilja hann almennilega sjálf. Með réttri vitneskju og nálgun eiga allir að geta notið netsins og alls sem að það hefur upp á að bjóða án vandkvæða. Allir foreldrar eru boðnir velkomnir á fyrirlesturinn.



### Muna: Aðalfundur Foreldrafélagsins 3. maí kl. 20:00 í sal skólans í Baugakór

- **15. maí kl. 20:00 - fyrirlestur um netfíkn í sal skólans í Baugakór**
- **Frí í skólanum 10. og 21. maí (uppstigningardagur og annar í hvítasunnu)**
- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- **Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Linda-safni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30**
- **Útivistartími breytist frá 1. maí: Börn, 12 ára og yngri til kl. 22.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 24.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðs-samkomu.**